

ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags
Vestmannaeyja



Starfsárið 2005-2006.

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2004-2005.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.

Starfsárið 2005-2006 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Bjarni Halldórsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnar Ingi Ingimarsson

Meðstjórnandi: Kristján Yngvi Karlsson.

Varamenn í stjórn: Hannes Kristinn Sigurðsson og Ingvi Skjaldarson.

Stjórnin þakkar félagsmönnum Björgunarfélagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Útköll og verkefni.

19.maí

Útkall F2 Gulur.Smáey VE sigldi á Faxasker en komst að eigin vélarafli til hafnar.

23.júlí.

Útkall F1 Rauður.Friðrik Jesson VE í vandræðum við Stóra Örn.mikill leki var kominn að bátnum og dautt var á aðalvél.Báturinn var dreginn í land.

22.ágúst

Útkall F3 grænn.Lögreglan biður um aðstoð við að ná manneskju upp úr Kaplagjótu.

28.október

Útkall F3 grænn óveðursaðstoð umbeðið Lögreglan.

Almannavarnir og Svæðisstjórn

Einn aðili var sendur á námskeið í aðgerðastjórnun og er þetta fimm daga námskeið.



Bílamál.

Rekstur Lunda1 (Econoline) hefur verið með hefðbundnum hætti. Ekki hefur orðið vart við meiri háttar bilanir. Nú á bara eftir að setja á hann toppkassa og tengja kastara að framan.

Rekstur Lunda2 (PATROL) hefur verið fremur þungur þetta árið. Búið er að skipta tvisvar um kúplingu og svo fór öxull og hjólalega í einn ferðinni. Bifreiðin er nú orðinn 7 ára gömul og erum við að vinna í að fá bifreið eða bifreiðir í stað Lunda 2.

Rekstur Lunda 3 hefur verið með hefðbundnum hætti. Bifreiðin er nú orðin frekar þreytt og hún er eiginlega hætt að vilja bakka. Núna þurfum við að fara að skipta henni út.

Sjóbúðin.

Töluvert hefur verið unnið í sjóbúðinni á þessu starfsári. Búið er að flísaleggja gólfið á klósettinu. Setja upp vask frammi í minni salnum. Köfunarpressan sett á fastan stað. Og svo hefur verið unnið töluvert í rafmagni (ljós, hitablásarar og s.frv. Sett hefur verið upp ADSL internet tenging Einnig hefur verið sett samskonar aðgangsstýringakerfi og á Faxastíg 38 nú á bara eftir að tengja kerfin saman. Það verður að segjast eins og er að umgengnin um sjóbúðina hefur ekki verið okkur til framdráttar.

Göngurall.

Göngurall var haldið 8. október sl. Átta hófu keppni og sjö luku henni. Þessi þátttaka er alls ekki nógu góð. Ýmsir kostir hafa verið skoðaðir varðandi rallið en engar ákvarðanir hafa verið teknar í þeim málum.

Þjóðhátíð.

Þessi Þjóðhátíð gekk nokkuð vel fyrir sig en var þó nokkuð annasöm. Við fengum mjög góða hjálp ofan af landi en það verður að segjast að áhugi okkar fólks er hverfandi sem sést skýrast af því að bílstjóra og vaktformenn gekk mjög illa að manna. Veðrið var allþokkalegt. Alltaf eru kröfur reglugerðarþjóðfélagsins að aukast og þess vegna ákváðum við að taka ekki þátt í gæslu á næstu þjóðhátíð. Þjóðhátíðarnefnd var tilkynnt þetta fyrir síðustu þjóðhátíð til þess að þeir hefðu ár í að finna mannskap í þetta verkefni. Ákvörðun þessi var tekin innan okkar raða eftir töluverða yfirlegu yfir þessum málum, og var hvorki einföld né auðveld. Það verður að segjast að þarna tapast nokkur þekking og æfing á að takast á við svona verkefni, þá sérstaklega varðandi skyndihjálparþáttinn sem er stór þáttur í reynslubanka félagsfólks í BV.



Flugeldamál.

Flugeldasala gekk mjög vel..

Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti. Mæting var nokkuð góð í söluna og einnig verðum við að vera sátt við útkomuna úr sölunni þó alltaf megi gera betur.

Undanfarin ár höfum verið að færa flugeldasöluna til þess horfs sem nýjar reglugerðir krefjast.. Eins og undanfarin ár höfum við lagt í töluverðan kostnað til að uppfylla þessa reglugerð. Eins og fólk hefur orðið vitni af í umræðum um flugeldasölur og geymslur þá finnst okkur rétt að áréttu það að allt birgðahald sé unnið eftir reglugerð samanber aðskildar geymslur og sölustaðir.

Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Eiríkur Þorsteinsson hefur frá upphafi séð um þessa starfsemi félagsins. Á liðnu starfsári gekk salan með hefðbundnum hætti en nokkur samdráttur hefur verið á sölu neyðarvara á liðnum árum og er það vegna mikillar fækkunar báta og breytinga í sjáfarútvegi.

Námskeið og æfingar.

Farin var páskaferð um suðaustur landið keyrt upp í lakagíga og þvælst um nágrennið. Björgunarleikarnir voru ekki haldnir á þessu starfsári og vilja menn kenna því um að menn hafi ekki lagt í að keppa við ótvíræða sigurvegara fyrra árs.

Faxastígur 38.

Útbúnaðargeymslunum í kjallara var breytt og nú er allur búnaður (klifur-, fjarskipta- og skyndihjálparbúnaður) í einu og sama herberginu. Þetta rými var áður tvö herbergi (fjarskipta- og skyndihjálparherbergi). Klifurherberginu var breytt í lager fyrir rekstrarvöru og annað slíkt.

Töluvert hefur verið unnið í aðgangsstýringakerfinu, tveim lesurum bætt við, annar við inngang úr eldhúsi og hinn fór á hið nýja útbúnaðarherbergi. Umgengnin í bílskúrnum hefur aðeins lagast en betur má ef duga skal. Við viljum benda á að bílskúrin er í útleigu og þess vegna verðum við að ganga vel um.



Fundur-Þing.

Landsþing S.L. var haldið helgina 19-22 maí á Akureyri nokkrir félagar sóttu þetta þing sem var vægast sagt nokkuð líflegt, mörg mikil átakamál voru tekin fyrir og ekki er alveg séð fyrir endann á þeim málum í framhaldi af þinginu var haldin árshátíð S.L. og tókst hún mjög vel. Ekki stóð á eyjamönnum að taka þátt í þessu verkefni.

Fulltrúaráðsfundur var haldinn 17.Nóvember.Fimm félagar sóttu fundin.Menn tóku þátt í hópastarfi og kynntust öðrum aðilum inna samtakana og hvernig menn nálgast viðfangsefnin á ólíkan hátt.Fulltrúaráðsfundurinn bar keim af því að ekki væri búið að leysa öll þau mál sem upp komu á landþingi S.L.

Svæðisfundur (15,16,17 & 18) haldin í Vík í Mýrdal 5.nóvember.Adolf og Arnar Ingi fóru á þennan fund. Þessi fundur var einn sá besti sem við höfum setið hjá hinum nýju samtökum.Undirbúningur fundarins var í höndum aðila af svæðunum og öll þau umræðuefni sem lágu fyrir höfðu komið frá fólki á svæðunum,allar þær spurningar sem brunnu á fólki fengu umfjöllun.Og málin rædd mjög svo opinskátt.

Spröngukennsla.

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði. Hannes Kristinn sá um kennsluna. Þarna lærir æska Eyjanna þjóðaríþróttina sprang.

Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í skátaheimilið. Þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin.

Bátamál.

Báturinn er á þurru þessa dagana í viðhaldi.Það er verið að vinna í að skipta um siglingatæki,vinna í vélum (kælum,túrbínunum & olíuverkum).Búið er að botnmála skipið,lakka innréttingu,bletta allt ofandekks og ýmis önnur viðhaldsverk um borð í skipinu.Mæting hefur ekki verið nógu góð. Gert er ráð fyrir á báturinn verði sjósettur einhverja næstu daga.Starfið í kringum bátinn hefur ekki verið upp á sitt besta, lítið hefur verið um eiginlegar æfingar ,þrátt fyrir að báturinn hafi verið töluvert notaður. Samþykkt að kaupa vesti bæði fyrir áhöfn og farþega.Þetta eru svokölluð pulsuvesti.

Tuðran var töluvert mikið notuð síðastliðið sumar,en umgengnin hefur ekki verið nógu góð og það er eitthvað sem við þurfum að laga, til að tuðran sé útkallshæf þegar á reynir.

Umsjónarmaður fyrir tuðruna eru Halldór Ingi



Búnaðarmál

Keyptar voru tólf nýjar motorola handtalstöðvar á árinu. Þessar stöðvar koma í stað gömlu Yeasu stöðvanna.

Keypt var töluvert af klifur og skyndihjálparbúnaði, meðal annars búnaður til að hita upp ofkældan mann.

Búið er að panta klifurvegg frá USA. Og verður hann settur upp í sjóbúðinni á næstu vikum. Eftir þó nokkra yfirlegu fundu menn út hvernig veggur kæmi best út í þessu rými.

Nýliðapjálfun.

Eins og ákveðið var á síðasta aðalfundi varðandi nýliðapjálfun þá voru fengnir aðilar til að sjá um þessi mál. Nú er kominn sex mánaða reynsla á þetta form. Framan af er menn mjög sáttir við útkomuna, töluvert lengri tíma þarf til að sjá hver endanleg niðurstaða verður á þessu formi.

Félagsfundir

Félagsfundir á þessu starfsári voru þrjár og mæting var með ágætum. Á einum félagsfundinum var farið í heimsókn í Sæbjörgina. Það verður að nefna að varðandi félagsfundi það verður að setja þá í fastara form. Þannig að það sé meiri regla á þeim

SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS. FYRIR ÁRIÐ 2005.

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári .Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir. Ekki var nein umsókn um styrk úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort

Stjórn minningarsjóðsins.
Sigríður Gísladóttir
Guðný Jensdóttir
Guðný Óskarsdóttir



Nýliðastarf 2005-2006

Nýliðastarf vetrarins byrjaði seint. Tekið var á móti sex nýliðum 1 í byrjun nóvember. Eftir að settar voru upp auglýsingar því ekkert varð úr kynningu í skólunum. Einnig eru starfandi nokkrir nýliðar 2 en þeim hefur fækkað frá fyrra ári.

Við hittum krakkana í nýliðum 1 alla þriðjudaga og nýliða 2 á miðvikudögum. Það var mjög góð mæting á þriðjudagskvöldum en mætingin var í slakara lagi á miðvikudögum. Einnig hittum við þá einn og einn laugardag og var ýmislegt skemmtilegt gert.

Nýliðarnir hafa setið nokkur námskeið í vetur þar má nefna fyrstahjálp 1 og snjóflóðanámskeið. Einnig var farið í páska ferð og hún heppnaðist eftir atvikum vel. Farið var í lakagíga og sögur fara af ýmislegu þar uppfrá, keyrt var uppí jökulsárlón og á fleiri staði.

Krakkarnir hafa verið mjög dugleg og áhugasöm og hafa veitt mikla hjálp í flugeldasölu, flugeldavinnu í kringum áramót, tiltekt og ýmis fleiri verk innan félagsins.

Við vonum að nýliðar hafi verið ánægðir með veturinn og nýliðaþjálfara því við vorum mjög ánægðir með þá og vonumst svo sannarlega til að geta starfað meira með þeim.

Halldór Ingi Guðnason
Davíð Smári Hlynsson

Úr skipsbók björgunarbátsins ÞÓRS.

14.maí

Eftirlit vegna fjölskyldudags.Fylgst með tuðrum.

16.maí

Farinn smá æfingatúr.

18.maí

Farin eggjaferð í Brandinn

19.júní.

Farið út í Vestmannaey VE, stödd á víkinni.Með tvo áhafnar meðlimi.

5.júlí.

Farinn smá æfingatúr um sundin blá.

18.júlí.

Farið út í Brand með menn og vistir og tekinn lundi til baka.

19.júlí.

Þjónustuferð með kafar út í Gunnvör ÍS

22.júlí

Farið upp í Bakkafjöru og fólk ferjað í land á tuðrunni.

24.úlí

Farinn æfingatúr.

10.ágúst.

Farinn æfingatúr.

13.október.

Farinn æfingatúr.

22.október.

Farið til æfinga við Bjarnarey.Menn látnir í land og látnir síga aftur niður í bátinn.

10.desember.

Farinn æfingatúr með nýliða.